



Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board

Geirsgata 9 · 101 Reykjavík
Sími: 535-5500 · Fax: 535-5501
upplýsingar@icetourist.is
www.ferdamalastofa.is
www.ferdalaq.is

Strandgata 29 · 600 Akureyri
Sími: 535-5510 · Fax: 535-5511
upplýsingar@icetourist.is
www.ferdamalastofa.is
www.ferdalaq.is

Skrifstofa Alþingis
Bt. Nefndasviðs
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 139/1951
komudagur 5.4.2011

Akureyri, 31. mars 2011

Efni: Umsögn Ferðamálastofu við tillögu til þingsályktunar um ferðamálaáætlun 2011-2010

Mál: 467 - Þskj.: 758

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Ferðamálastofu við tillögu til þingsályktunar um ferðamálaáætlun 2011-2020, 467. mál.

Ferðamálastofa fagnar framkominni tillögu til þingsályktunar um ferðamálaáætlun. Tillagan er metnaðarfull, vönduð og henni fylgir vel skilgreind aðgerðaráætlun. Þá lýsir Ferðamálastofa ánægju með hversu víðtækt samráð var haft við stofnanir og félagasamtök innan ferðaþjónustunnar við gerð áætlunarinnar. Ferðamálastofa er sammála áherslum áætlunarinnar og hlakkar til að takast á við þau verkefni sem hún kallar eftir.


Í áætluninni eru skilgreind fjögur áherslusvið til næstu tíu ára: innviðir og grunngerð; kannanir, rannsóknir og spár; vörubrúun og nýsköpun; og markaðsmál. Mikilvægt er að samþykktari ferðamálaáætlun fylgi úr hlaði skilningur á nauðsyn þess að tryggja fjármögnun til þessara áherslusviða, þannig að unnt verði að skilgreina aðgerða- og verkefnaáætlanir til langtíma. Ljóst er að vinna við að tryggja fjármagn á ákveðnum sviðum er þegar hafin og er það vel.

Þannig verður með tilkomu framkvæmdasjóðs ferðamannastaða unnt að vinna með heildstæðum hætti að verkefnum á sviði uppbyggingar og grundvalia þá vinnu á forgangsröðun og langtímaáætlunum. Ýmsar fastar fjárveitingar fylgja og verkefnum á sviði markaðssetningar, nýsköpunar- og vörubrúunar. Innan ferðaþjónustunnar, auk þess sem ráðist hefur verið í margvísleg átaksverkefni með velvilja stjórnvalda, þótt æskilegt væri að auka möguleika á að gera heildstæðari áætlanir til langs tíma á þessum sviðum einnig með því að tryggja nægilegt fjármagn á grunni langtíma samninga. Einnig má benda á að innlend markaðssetning hefur átt undir högg að sækja á vegum hins opinbera á undanförunum árum og nauðsynlegt að skilgreina með hvaða hætti hið opinbera getur stutt við kynningu á þessum mikilvæga markaði íslenskrar ferðaþjónustu.

Hins vegar vill Ferðamálastofa ítreka að farsæl uppbygging og þróun ferðaþjónustunnar verður ekki tryggð nema með öflugum rannsóknarstarfi. Rannsóknarfé til ferðaþjónustunnar hefur verið mjög af skornum skammti og er hlutur ferðaþjónustunnar mjög rýr þegar kemur að samanburði við aðrar atvinnugreinar eins og glögg kemur fram á bls. 19 í kafla 4.1 Mikilvægt er að fé til rannsókna og uppbyggingar verði aukið verulega frá því sem nú er til að ferðaþjónustan megi vaxa og dafna í sátt við land og þjóð á grunni sjálfbærni. .

Í áætluninni er víða minnst á markaðsstofur landshlutana en minna komið inn á starfssvið þeirra og hlutverk. Markaðsstofur landshlutanna eru í nýlegum tillögum iðnaðarráðuneytis um samþættingu stoðkerfis atvinnulífsins skilgreindar sem hluti stoðkerfisins, enda gegna þær mikilvægu hlutverki í héraði. Jafnframt hefur Ferðamálastofa átt mikið og gott samstarf við markaðsstofurnar og hefur hug á að efla það enn frekar. Í þessu felst að skilgreint hlutverk markaðsstofanna verði samþætt hlutverkum stoðkerfis atvinnulífsins frekar og jafnframt tengsl markaðsstofanna við Ferðamálastofu. Ennfremur kallar efling markaðsstofanna í héraði á að starfsemi þeirra verði tryggð til langframa og að aukin samþætting og samlegð verði í stuðningi við uppbyggingu, vöruþróun og markaðssetningu einstakra landssvæða. Ekki síst er nauðsynlegt að tryggja fjármögnun markaðsstofanna til langframa, á grunni vel skilgreindra þjónustusamninga um starfsemi og verkefni.

Virðingarfyllst,
F.h. Ferðamálastofu



Elías Bj. Gíslason,
forstöðumaður þróunarsviðs